

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2013

2013/EES/31/27

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 2011/97/ESB frá 5. desember 2011 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB að því er varðar sértækar viðmiðanir vegna geymslu á kvikasilfursmálm sem telst vera úrgangur ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 32d (tilskipun ráðsins 1999/31/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 L 0097**: Tilskipun ráðsins 2011/97/ESB frá 5. desember 2011 (Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 49).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/97/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2013 frá 1. febrúar 2013 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu ES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 49.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 30.5.2013, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 31, 30.5.2013, bls. 36.